



T-516-CORP

FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA FYRIR VERKFRÆÐINEMA

6 ECTS

Ár:	2. ár.
Önn:	Haustönn.
Stig námskeiðs:	2. Grunnám, framhaldsnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið FV.
Nauðsynlegir undanfarar:	Stærðfræði I & II (T-101-STA1 og T-202-STA2). Aðrir ráðlagðir undanfarar: Excel; grunnnámskeið í fjármálum.
Skipulag:	Kennt alla virka daga í 3 vikur skv. sérstakri stundaskrá.
Umsjónarkennari:	Sverrir Ólafsson.
Kennari:	Viðar Viðarsson.

Lærdómsviðmið:

Þekking: Að námskeiðinu loknu býr nemandinn yfir dýpri þekkingu og skilningi á þeim sviðum fjármála fyrirtækja sem verkefni námskeiðsins ná til; kann að setja upp samþáttað fjárhagslegt uppgjör sem samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi; kann að framkvæma kennitölugreiningu; kann að leggja mat á mismunandi fjárfestingarkosti með núvirðingu að teknu tilliti til áhættu og að búa til og framkvæma verðmat með einföldu DCF reiknilíkani.

Leikni: Að námskeiðinu loknu býr nemandinn yfir leikni til að setja upp eigin fjármálaleg reiknilíkon sbr. líkon fyrir samþáttaðan rekrar-, efnahags-, og sjóðstreymisreikning, kennitölugreiningu og núvirðisútreikning með DCF módeli á virði frjáls sjóðstreymis.

Hæfni: Að námskeiðinu loknu býr nemandinn yfir hæfni til að framkvæma sjálfstæð mót á virði verkefna og fyrirtækja og skilja umfjöllun og verðmöt greiningardeilda á fyrirtækjum. Jafnframt hefur nemandinn öðlast meiri hæfni til að auka enn frekar við þekkingu sína og leikni á sviði fjármála fyrirtækja með þátttöku í sérhæfðari námskeiðum sem fara dýpra ofan í einstaka þætti fjármálafræðinnar.

Lýsing: Námskeiðið snýst um ýmsa þætti fjármála fyrirtækja með áherslu á gerð líkana og lausn verkefna í töflureikni. Fjallað er um kennitölugreiningu ársreikninga og gerð reiknilíkans sem samþættir rekstrareikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Farið er í kenningar um skilvirkni markaða og veika form kenningar um skilvirkni markaða kannað á íslenskum hlutabréfamarkaði. Fjallað er um áætlanagerð og búið til líkan sem leiðir fram frjálst sjóðstreymi. Fjallað er um hvernig virði frjáls sjóðstreymis er metið með núvirðingu (Discounted Cash Flow) og búið til reiknilíkan sem framkvæmir slíkan útreikning.

Lesefni: Richard A. Brealey og Stewart C. Myers, *Principles of Corporate Finance*.

Kennsluáðferðir: Kennslan byggist á fyrirlestrum og verkefnatímum. Kennsluáætlun er kynnt í upphafi námskeiðsins.

Námsmat: Námskeiðið er án prófs en námsmatið fer fram með skilum og mati þriggja álíka stórra verkefna.

Tungumál: Íslenska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluáðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.